



Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Samþykkt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948.

Inngangsorð:

Allir eiga jafnan rétt til virðingar og réttinda.

Það er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Þegar mannréttindi eru brotin leiðir það til siðlausra athafna.

Æðsta markmið fólks um heim allan er að skapa veröld þar sem allir fá notið:

- málfrelsis
- trúfrelsis
- óttaleysis um einkalíf sitt
- þurfi ekki líða skort

Mannréttindi verður að vernda með lögum. Annars hlýtur fólk að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.

Það er mjög mikilvægt að efla vinsamleg samskipti þjóða.

Í stofnskrá sinni hafa Sameinuðu þjóðirnar lýst yfir að þær styðja grundvallaratriði mannréttinda:

- Á göfgi og gildi mannsins.
- Jafnrétti karla og kvenna.
- Betri lífskjörum með auknu frelsi fólks.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna lofa því að efla og verja mannréttindi og grundvallarfrelsi í samráði við Sameinuðu þjóðirnar.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur fallist á þessa mannréttinda-yfirlýsingu. Hún hér með birt öllum þjóðum og ríkjum til að fara eftir.

Einstaklingar og yfirvöld skulu fræða og efla virðingu fyrir réttindum fólks og frjálsræði samkvæmt yfirlýsingunni.

Hver og einn á að stuðla að þeim framförum að tryggja almenna og virka viðurkenningu á grundvallar-atriðum hennar.